

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/208****2023/EES/62/29****frá 14. febrúar 2020****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ⁽²⁾, þar sem mælt er fyrir um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið, er þess krafist að notaðar séu sérstakar vinnuaðferðir við gagnaskipti á milli búnaðar í lofti og á jörðu niðri. Framkvæma verður slíkar sértækar vinnuaðferðir á samræmdan hátt til að tryggja rekstrarsamhæfi og samfelldan rekstur.
- 2) Nýlega var skjalið *Eurocae ED - 120, Safety and Performance Requirements Standard for Air Traffic Data Link Services in Continental Airspace* endurskoðað til að fella brott hvers konar tilvisanir í niðurtengingarskeytið (DM) 89 *MONITORING [unit name] [frequency]*, eins og þörf var á til að styðja við starfrækslu gagnatenginga. Núverandi tilvisun í ED-120, sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 29/2009, endurspeglar ekki lengur þróun staðla og meginreglna um rekstrarstarfsemi og hentar ekki lengur til að styðja við starfrækslu gagnatenginga fyrir vottuð loftför með sífelldum umfangsmeiri aðgerðir innan rekstrarstjórnunar flugumferðar.
- 3) Þar af leiðandi ætti að breyta tæknilegu lágmarksstöðlunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 29/2009, sem flugrekendur eiga að fara að, til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtið. ESB L 13, 17.1.2009. bls. 3).

VIÐAUKI

Í stað 11. liðar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 kemur eftirfarandi:

„11. Eurocae ED-120 - *Safety and Performance Requirements Standard for Air Traffic Data Link Services in Continental Airspace*, útgefið í maí 2004, þ.m.t.:

a) fyrir flugrekendur:

— með 1. breytingu, útgefni í apríl 2007, og 2. breytingu, útgefni í október 2007, eða

— með 1. breytingu, útgefni í apríl 2007, 2. breytingu, útgefni í október 2007, og 3. breytingu, útgefni í september 2019,

b) fyrir veitendur flugumferðarþjónustu:

— með 1. breytingu, útgefni í apríl 2007, 2. breytingu, útgefni í október 2007, og 3. breytingu, útgefni í september 2019.“
